# Hamragerði 2, Egilsstaðir Múlaþing

***Úttektarskýrsla minjavarðar***

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023



Minjastofnun Íslands

The Cultural Heritage Agency of Iceland

*Höfundur*
*Þuríður Elísa Harðardóttir*

*Ljósmyndir*
Þuríður Elísa Harðardóttir

*Ljósmynd á forsíðu*
Horft til vesturs yfir byggingarreitinn

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

**Minjastofnun Ísland**
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

## Efnisyfirlit

1. Aðdragandi vettvangsferðar ........ 4

2. Niðurstöður ........ 4

3. Heimildaskrá ........ 5

# Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:
*3112*

Tilgangur úttektar:
*Byggingaráform*

Staðsetning:
*Hamragerði 2 á Egilsstöðum*

Dagsetning vettvangsferðar:
*28. september 2023*

## 1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar. Þar sem ekki liggur fyrir skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins kynnti minjavörður sér fyrirliggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deiliskipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Lóðin er alveg við götuna Hamragerði og sunnan við Kaupvang 23b og norðaustan við kirkjugarðinn. Á loftmynd frá 1958 má sjá að svæðið var tún. Framkvæmdir voru þegar hafnar þegar minjavörður skoðaði svæðið þann 28. september 2023.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið.

## 2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt

að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

## 3. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi*. Búnaðarsamband Austurlands.

Guðný Zoëga og Guðrún Kristinsdóttir. (1997). *Fornleifaskrá Egilsstaða*. Safnastofnun Austurlands.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*. https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn

Skipulagsvefsjá Múlaþings. https://www.map.is/mulathing